

Skilablað – Iðnskólinn í Hafnarfirði – kennsluhúsnæði

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leigu-húsnæði (leiguverkefni).

1 Upphaf verkefnis

Verkefnið varðar aukið kennsluhúsnæði fyrir Iðnskólann í Hafnarfirði. Um er að ræða listnáms- og hönnunarbraut við skólann.

Verkbeiðni barst frá mennta- og menningarmálaráðuneyti í desember 2012. Beiðnin fólst í að finna húsnæði fyrir námið.

Verkefnastjóri frá FSR var Róbert Jónsson.

2 Verklýsing

Verkkaupi var mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Verkefnið fólst í að finna húsnæði fyrir námið og var miðað við að aðstaða þyrfti að vera fyrir allt að 70 nemendur í einu. Húsnæðið átti að nota fyrir listnáms- og hönnunarbraut og var krafa um að húsnæðið væri í göngufæri við skólann.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

3 Verknúmer

Verknúmer er 633 0069.

4 Framvinda

FSR vann húsrýmisáætlun fyrir verkefnið og var niðurstaða greiningarinnar sú að nauðsynleg stærð húsnæðis væri um 440 m².

Auglýst var eftir húsnæði í desember 2012. Óskað var eftir um 440 m² húsnæði til leigu í fimm ár.

Aðeins bárust tvö tilboð í húsnæði fyrir námið. Samþykkt var að ganga til samninga við Verkalýðsfélagið Hlíf við Flatahraun 3 í Hafnarfirði um leigu á húsnæði. Um var að ræða hluta af 2. hæð húsnæðisins.

Stærð húsnæðisins sem tekið var á leigu er 327,3 fermetrar og var leiguverð 1.700 kr. á fermeter eða alls 566.410 kr. á mánuði.

Skrifað var undir húsaleigusamning í febrúar 2013 og húsnæðið var afhent tilbúið til notkunar fyrir skólann.

Samvinna var höfð við Ársæl Guðmundsson, skólameistara Iðnskólans, um vinnslu verkefnis.

5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður verkefnis var 850.470 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Niðurstaða verkefnis var sú að tekið var á leigu húsnæði fyrir Iðnskólann í Hafnarfirði við Flatahraun 3. Gildistími leigusamnings er frá 1. febrúar 2013 til 31. janúar 2018.

7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

8 Verklok


Verklok voru í febrúar 2013.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri



Róbert Jónsson verkefnastjóri